



Ársskýrsla SOS Barnaporpanna 2016



SOS
BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili





SOS á Íslandi árið 2016

Starfsfólk:

Ragnar Schram – framkvæmdastjóri
Sunna Stefánsdóttir - upplýsingafulltrúi (var í fæðingarorlofi frá maí og þangað til í desember.
Halla Pórey Victorsdóttir sinnti stöðunni á meðan.)
Katrín Guðlaugsdóttir – þjónustufulltrúi
Auður Ösp Gylfadóttir - þjónustufulltrúi
Þorsteinn Arnórsson - fjármála- og fjáröflunarstjóri
Þorsteinn Garðarsson – verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf
Sigurlaug Halldórsdóttir - bókari

Stjórnarmeðlimir:

Kristján Þ. Davíðsson - formaður
Garðar Ingvarsson
María F. Rúriksdóttir

Varamenn:

Ólafur Örn Ingólfsson
Hildur Hörn Daðadóttir

Fulltrúaráð:

Ásgeir Jóhannesson
Fróði Steingrímsson
Ingibjörg Garðarsdóttir
Inga Lind Karlsdóttir
Tomasz Pór Veruson
Ingibjartur Jónsson

Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna sem skipað var haustið 2016:

Heiðrún Marý Björnsdóttir
Petra Ísold
Magnús Fr. Guðrúnarson
Bríet Felixdóttir
Saga Rut Sunnevudóttir
Lilja Helgadóttir
Senía Guðmundsdóttir
Birta Karen Tryggvadóttir

© SOS Barnaþorpin
Hamraborg 1, 200 Kópavogi
Sími: 564-2910
Netfang: sos@sos.is

Umsjón og ritstjórn: Sunna Stefánsdóttir og Þorsteinn Arnórsson
Ljósmyndir: Sunna Stefánsdóttir og SOS Children's Villages
Umbrot og hönnun: iSpeculate.net - Halldór Elías Guðmundsson



Inngangur

SOS Barnaþorpin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar árið 1949. Síðan þá hefur starfsemin breiðst út og eru samtökin ein stærstu barnahjálparsamtök heims.

Auk þess að reka 571 barnaþorp um allan heim standa SOS Barnaþorpin fyrir umfangsmiklu forvarnarstarfi sem kallast Fjölskylduefling SOS. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar eru illa staddar barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. Markmiðið er að börnunum líði vel og koma í veg fyrir aðskilnað þeirra og foreldranna.

Þá reka samtökin fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila, samfélagsmiðstöðva og heilsugæslustöðva auk þess að sinna neyðaraðstoð. SOS Barnaþorpin starfa í 135 löndum, óháð trúarbrögðum og stjórnmálaöflum.

SOS Barnaþorpin á Íslandi voru stofnuð árið 1989 en það var Ulla Magnússon sem var fyrsti framkvæmdastjóri samtakanna.

Efnisyfirlit

Frá framkvæmdastjóra.....	4
Starf SOS Barnaþorpanna.....	5
- Fjáröflun	5
- Styrktarforeldrar og barnaþorpsvinir	5
- Fjölskylduvinir	6
- Neyðarverkefni	6
- Sólblómaleikskólar	7
- Öðruvísi jóladagatal	8
Minningarorð	8
Fjármál	9



Ragnar Schram,
framkvæmdastjóri SOS
Barnabörpanna á Íslandi.

Frá framkvæmdastjóra

Þegar þú styrkir SOS Barnabörpin hjálpar þú börnum í neyð. Þú veist hvað verður um framlagið. Þannig á það líka að vera. Maður vill vita í hvað framlagið fer þegar maður gefur til góðra málefna.

Á síðasta ári fjölgaði styrktarforeldrum samtakanna um 12% og á síðustu þremur árum um 49%. Samtals námu framlög til samtakanna hér á landi um 500 milljónum króna árið 2016. Þessari aukningu og móttöku svo mikilla fjármuna fylgir mikil ábyrgð.

Hluti af ábyrgðinni er að tryggja að fénu sé rétt varið og upplýsa styrktaraðila um það í hvað framlögin fara. Í stuttu máli þá fóru 81% af þessum 500 milljónum í verkefni okkar erlendis. Þá fóru 19% í að þjónusta styrktaraðila, afla nýrra styrktaraðila, kynna samtökin og reka þau.

Viltu vita meira?

Nú getur þú farið inn á www.sos.is og séð á gagnvirku heimskorti öll þau barnabörp sem Íslendingar styrktu í fyrra og hve margar krónur fóru til hvers þorps. Þú getur líka þysjað inn á kortið og skoðað loftmynd úr gervihnetti af hverju og einu barnabörpi.

Við vonum að þær upplýsingar sem við setjum hér fram um rekstur SOS Barnabörpanna fyrir árið 2016 séu upplýsandi og ef spurningar vakna sem ekki er svarað hér erum við alltaf tilbúin að veita frekar upplýsingar, t.d. í síma 564-2910 eða á netfangið sos@sos.is.

Hjartans þakkir fyrir þinn stuðning við þau börn sem standa hvað höllustum fæti í þessum heimi.

Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri SOS Barnabörpanna á Íslandi



Starf SOS Barnaþorpanna



Fjáröflun


Starf SOS Barnaþorpanna byggist nánast alfarið á frjálsum framlögum. Langstærsti hluti framlaganna hér á landi kemur frá almenningi og er þessi stuðningur ómetanlegur. Frá stofnun SOS Barnaþorpanna á Íslandi hefur leiðin aðeins legið upp á við en á síðustu árum hafa samtökin vaxið gríðarlega. Frá árinu 2013 hafa tekjur SOS á Íslandi aukist um rétt rúmlega 117 milljónir króna. Alls voru framlög til SOS Barnaþorpanna á Íslandi um 500 milljónir árið 2016 og er um að ræða 8% vöxt á milli ára. Mánaðarleg framlög Styrktarforeldra og Barnaþorpsvina voru 350,1 milljón króna, eða 70% af heildarframlögum samtakanna.

Pá mættu SOS Barnaþorpin velvild fyrirtækja á árinu, bæði með frjálsum framlögum og með greiðslu á valkröfum í heimabanka. Alls voru framlög fyrirtækja á árinu 10,2 milljónir króna.

Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir

Íslenskir Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir voru 8687 í lok árs 2016. Þeir greiða mánaðarlega upphæð sem gefur umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili sem samtökin hafa byggt. Barnið fer í skóla og er öllum grunnþörfum þess mætt. Framlag Styrktarforeldra fer í framfærslu og velferð barnsins. Styrktarforeldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið getur tekið út þegar það yfirgefur þorpið. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma fyrirtæki á laggirnar. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum Styrktarforeldrum á síðasta ári var rúmar 10,5 milljónir króna.

Börnin sem eiga Styrktarforeldra búa í SOS Barnaþorpum. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flestöll mannleg samfélög vilja hafa hlutina.



Fjölgun Styrktarforeldra og Barnaþorpsvina frá 2006.

Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS foreldrið sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar og sér um að börnin búi við öryggi og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í miklum meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga.

Einnig er hægt að vera Barnaþorpsvinur en þá er eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi styrkt með mánaðarlegu framlagi. Barnaþorpsvinir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Framlag Barnaþorpsvina fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. Íslenskir Barnaþorpsvinir eru 709 talsins.

Fjölskylduinir

SOS Barnaþorpin líta svo á að fjölskyldan sé mikils virði og best sé fyrir börn að alast upp með kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra foreldra þó slíkar að þeir neyðast til að láta frá sér börnin. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð fjölskyldna. Markmið Fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína en Fjölskyldueflingin er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem hraðast vex.

Fjölskyldueflingunni er haldið uppi af Fjölskylduinum SOS Barnaþorpanna sem styðja við verkefnið með

mánaðarlegu framlagi að eigin vali. Árið 2016 voru heildarframlög íslenskra Fjölskylduvina rúmlegar 10,6 milljónir króna en alls eru nú 646 SOS Fjölskylduinir. Frá árinu 2012 hefur skrifstofan á Íslandi haldið utan um fjölskyldueflingarverkefni í Gíneu-Bissá sem hefur náð til 400 barna í 100 fjölskyldum og hefur framlag íslenskra Fjölskylduvina því farið þangað. Verkefninu lauk í upphafi árs 2017 og hægt er að lesa óháða úttekt á verkefninu [hér](#). SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa nú þegar ákveðið að fjármagna annað fjölskyldueflingarverkefni í Eþíópíu.

Neyðarverkefni

SOS Barnaþorpin hafa venjulega ekki kallað sig neyðarhjálparsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið náttúruhamfarir nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Búast má við að umfang náttúruhamfara, hungursneyða og annarra hörmunga í heiminum muni aukast enn frekar á næstu árum.

Með áratuga reynslu á bakinu, framúrskarandi starfsfólk og öflugra stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja þá samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa foreldra sína eða týnt í hamförum og þau börn sem eiga slíkan aðskilnað á hættu.



Neyðarverkefni SOS í Sómalíu.



SOS Barnaþorpin nýta þá þekkingu og reynslu sem þau hafa í hverju landi þegar veita þarf neyðaraðstoð. Samvinna við yfirvöld og önnur hjálparsamtök eins og Rauða krossinn, Flóttamannahjál Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Barnahjál Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hefur einnig reynst vel og leitt til skilvirkari aðgerða.

Árið 2016 sinntu Alþjóðasamtök SOS Barnaþorpanna neyðaraðstoð í 28 löndum og hafa þau aldrei verið fleiri. Íslendingar voru sem áður duglegir að styrkja verkefni samtakanna. Alls tóku SOS Barnaþorpin á Íslandi þátt í 13 neyðar- og uppbyggingarverkefnum, ásamt öðrum verkefnum á árinu. Þá voru sendar 72,4 milljónir króna út í þau verkefni. Það eru 15,9 milljónum meira en sent var til slíkra verkefna árið 2015.

Sólblómaleiksskólar

Alls eru 26 Sólblómaleiksskólar víðsvegar um landið. Í því felst að leiksskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun einu sinni á ári. Þá fá Sólblómaleiksskólar tilbúið efni frá SOS Barnaþorpinum, til að mynda plaköt þar



Frá Sólblómahátíðinni í Ráðhúsi Reykjavíkur.



sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum fræðast um börn í öðrum löndum, hvernig þau búa við aðrar aðstæður og hvernig aðstæðurnar eru sambærilegar. Börnin fræðast um aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

Í lok maí var haldin Sólblómahátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þar komu saman börn á Sólblómaleikskólum á höfuðborgarsvæðinu og skemmtu sér vel. Börnin gengu frá Lækjartorgi að Ráðhúsinu til að vekja athygli á réttindum barna um allan heim áður en hljómsveitin Pollapönk hélt tónleika.

Öðruvísi jóladagatal

Yfir þúsund grunnskólanemendur víðsvegar um landið tóku þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í desember. Verkefnið er að norski fyrirmynd en þetta var í fyrsta skipti sem íslenskir grunnskólanemendur tóku þátt.

Nemendur opnuðu nýjan glugga á hverjum degi á aðventunni og sáu myndband um börn í mismunandi heimshlutum sem öll áttu það sameiginlegt að fá aðstoð frá SOS Barnaþorpunum á einhvern hátt. Á sama tíma og nemendur fengu innsýn í aðstæður barna í öðrum löndum lærðu þeir að jólatíminn snýst ekki síður um að gefa en að þiggja.



Börnin í Flataskóla að opna fyrsta gluggann í Öðruvísi jóladagatali.

Nemendur gátu unnið létt heimilisverk heima við og unnið sér þannig inn smá aur sem rann til SOS Barnaþorpanna. Öll framlög sem söfnuðust í dagatalinu fóru til SOS Barnaþorpsins í Kigali, Rúanda, þar sem er pláss fyrir 150 börn sem ekki hafa í önnur hús að venda. Að auki eru þar grunnskóli, leikskóli og verkmenntaskóli, þar sem 970 nemendur geta sótt menntun.

Alls sendu íslenskir grunnskólanemendur yfir 300 þúsund krónur til Kigali.



Minningarorð

Ulla Magnússon, stofnandi og fyrsti starfsmaður SOS Barnaþorpanna á Íslandi, lést þann 27. maí 2016 eftir stutt veikindi. Ulla starfaði með samtökunum, sem formaður og stjórnarformaður, þar til í apríl 2016. Má segja að Ulla hafi verið hjarta og sál SOS Barnaþorpanna frá upphafi. Eins var hún afar vel liðin hjá starfsfólki SOS Barnaþorpanna á alþjóðavísu og þekkt fyrir mikinn drifkraft og jákvæða orku.



Fjármál

Við getum ekki annað en verið ánægð með þær viðtökur sem velunnarar samtakanna hafa veitt okkur. Við höldum kostnaðinum hér heima í lágmarki og tryggjum þannig að sem mest söfnunarfé fari sannarlega í verkefni en ekki t.d. falinn kostnað verkefna. Framlög til samtakanna voru rúmar 500 milljónir og jukust um 8% frá því árið 2015. Styrkir frá ríkinu drógust saman á milli ára en einstaklingar og fyrirtæki studdu sem fyrr vel við bakið á samtökunum. Með aðstoð gagnvirkis korts Google

er nú hægt að sjá hvernig framlög Styrktarforeldra og Barnaþorpsvina dreifast en þannig getum við skýrt enn betur hvert fjárframlög til samtakanna fara. Á þennan hátt viljum við auka gegnsæi fjármála hjá SOS Barnaþorpunum þar sem traust er okkur mikilvægt.

Hér getur þú farið inn á kortið og fundið þau 108 lönd og 438 barnaþorp sem SOS á Íslandi senda framlög til.

Fjármál SOS Barnaþorpanna árið 2016

Lykiltölur úr starfsemi samtakanna

Tekjur	Gjöld	Framlög Styrktarforeldra, Barnaþorpsvina og Fjölskylduvina	Framlög til verkefna
500 m. Kr	497 m. Kr	360,6 m.kr	72,4 m.kr

24.996

einstaklingar styrktu starf SOS á Íslandi

4,6

stöðugildi á skrifstofu okkar á Íslandi


8.687

Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir

15.663

gáfu frjáls framlög

Skipting tekna SOS Barnaþorpanna árið 2016




646

Fjölskylduvinir

13

önnur verkefni

Fjöldun styrktarforeldra og Barnaþorpsvina frá 2006



Frá stofnun SOS Barnaþorpanna á Íslandi 1989 hafa framlög verið 5,7 milljarðar króna, uppreiknað miðað við verðlag 2016



Viðtal við knattspyrnukonu á Ólympíuleikum

Mavis er hæfileikarík knattspyrnukona

Mavis Chirandu spilaði með landsliði Simbabwe í knattspyrnu á Ólympíuleikunum í Ríó. Hún klæddist treyju númer 10 og spilaði stolt fyrir hönd þjóðar sinnar og SOS Barnaþorpanna en hún ólst upp í einu slíku. Hún segist lengi hafa dreymt um að spila á Ólympíuleikunum. Og nú varð draumurinn loksins að veruleika. En ætli það hafi ekki þurft mikla hvatningu til að elta drauma sína líkt og Mavis gerði?

„Jú svo sannarlega og ég fékk mikla hvatningu í SOS Barnaþorpinu. Þar get ég helst nefnt Eddie Magosvongwe, ungmennaleiðtoga, sem hafði mikla trú á mér. Hann sagði mér að ég gæti gert allt sem ég vildi, bara ef ég hefði trú á sjálfri mér.“

Hvert er besta ráð sem þú hefur fengið?

„Einblíndu á ferilinn þinn. Ekki láta þessa stráka trufla einbeitinguna,“ segir Mavis og hlær.

Hvernig var andrúmsloftið á Ólympíuleikunum?

„Þegar ég kom til São Paulo þurfti ég að klípa mig. Erum við virkilega komin til Brasilíu? Það voru allir svo spenntir að sjá okkur, veifuðu okkur og tóku myndir.“

Hvernig nýttir þú frítíma þinn í Ríó?

„Þegar við vorum ekki á æfingum eða að undirbúa leiki, vorum við að hvíla okkur. Sérstaklega þar sem fyrsti leikurinn okkar var á móti Þýskalandi og við vorum mjög þreyttar eftir hann.“

Hugsar þú stundum um að hætta í fótbolta?

„Nei aldrei. Þá væri ég að gefa það upp á bátinn sem ég elska mest. Ég vona að ég eigi mörg ár eftir í boltanum.“

Að lokum, áttu einhver ráð fyrir unga krakka?

„Notið hæfileika ykkar, það er aldrei að vita hvar þið endið. Til allra SOS krakka þarna úti langar mig að segja: Aldrei gefast upp og aldrei gleyma hversu hæfileikarík þið eruð. Ekki sitja á hæfileikum ykkar, notið þá!“